

Uppbygging á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 10. maí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum um uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Uppbygging á húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, Matsskyldufyrirspurn. Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir og VSÓ. Maí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg dags. 16. ágúst 2023
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 30. ágúst 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 8. ágúst 2023
- Umhverfisstofnun dags. 20. júlí 2023
- Vegagerðinni dags. 28. ágúst 2023

Ekki barst umsögn frá Samgöngustofu vegna málsins.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 27. október og 6. desember 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið verður nýtt af lögreglu, slökkviliði, björgunarsveitum og fleirum. Í dag eru höfuðstöðvar þessara aðila á víð og dreif um höfuðborgarsvæðið en með því að hafa alla viðbragðsaðilana á sama stað er stefnt að því að efla almannaoýggi, stytta viðbragðstíma sem og auka hagkvæmni með því að samnýta innviði.

Framkvæmdasvæðið er innan lóð Kleppsspítala sem verður skipt upp í tvennt og á syðri hluta hennar verður stofnuð ný lóð um starfsemi viðbragðsaðila. Þar eru fyrir tvær byggingar en ákveðið verður í hönnunarferli hvort eigi að fjarlægja þær eða ekki. Umrædd lóð verður 30.000 m². Reisa á byggingu eða byggingar fyrir viðbragðsaðila en heildarbyggingarmagn sem heimilað er á lóðinni er 36.000 m². Ekki er gert ráð fyrir að fullnýta það heldur er gert ráð fyrir að byggingar geti stækkað í takt við þarfir og þróun notenda byggingarinnar.

Við undirbúning hefur framkvæmdaraðili skoðað og borið saman aðra valkosti um staðsetningu fyrir starfseminu en Kleppsgarðar 2 var talin besti kosturinn með tilliti til ýmissa þátta, m.a. stærð lóðar, þarfir viðbragðsaðila og nálægð við stofnbraut.



Aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir í nágrenninu

Ýmsar framkvæmdir eru áætlaðar í nágrenninu á komandi árum í nærumhverfi lóðarinnar og má þar helst nefna Sæbraut í stökk og lagningu Sundabrautar. Stokkurinn á Sæbraut mun liggja norðan Skeiðarvogs og suður fyrir Súðarvog. Ofan á stökk verða að auki ný gatnamót Sæbrautar og Sægarða um Holtagarða en miðað við núverandi Aðalskipulag Reykjavíkurborgar er tengingin um Vatnagarða. Við þessar framkvæmdir má ætla að breytingar verði á tengingum lóðarinnar við gatnakerfið, umferðarmagni á öllum vegum, göngu- og hjólastígum.

Áhrif vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar mun einnig hafa mikil áhrif á Kleppsgarða og nærumhverfi. Það hvort Sundabraut verði brú eða göng mun hafa mismunandi áhrif á Kleppsgarða. Í núverandi gatnaneti fer nær engin umferð um Vatnagarða sem á upptök og endastöð í Kleppsgörðum. Það breytist ef Sundabrá eða ný hafnartenging verður byggð, gatnamót Sægarða/Sæbrautar lokast, og öll umferð til og frá Kleppsgörðum fari um Vatnagarða til að komast á Sæbraut.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að tryggja þurfi samræmi í framkvæmdartíma þannig að þeir innviðir sem liggja til grundvallar lóðarvalinu verði til staðar þegar húsnæði viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins verði tekið í notkun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ljóst sé að áframhaldandi samráð verði við Vegagerðina vegna þessa verkefnis.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna og umsögnum umsagnaraðila.

Lífriki og gróðurfar

Í greinargerð Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að framkvæmdasvæðið sé nánast algróið fyrir utan göngustíga og húsin tvö sem standi á lóðinni. Framkvæmdarsvæðið falli undir þéttbýli og annað manngert land ásamt nágrenni sínu. Framkvæmdasvæðinu megi skipta upp í þrennt, þ.e. grasflöt á vesturhluta svæðisins, klapparholt um miðbik þess og slétt flöt á austurmörkum reitsins. Engar sjaldgæfar eða verndaðar vistgerðir finnast á svæðinu, túnffíl, trjágróður, gras og lúpínu sé þar helst að finna.

Oft megi sjá spörfugla, vaðfugla og máfa á lóðinni í leit að æti og telja megi líklegt að a.m.k. einhver hluti þeirra fugla sem sjáist á reitnum eigi þar hreiður sem og á Kleppsreitnum við hliðina á.

Framkvæmdaraðili telji vistfræðilegt gildi reitsins takmarkað sökum smæðar og einangrunar, ákveðin óvissa ríki um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki og gróður því ekki hafi verið teknar ákvarðanir um endanlega útfærslu á húsnæði eða hvort rífa eigi niður núverandi húsnæði á lóðinni. Stefnt sé að því að tileinka a.m.k. 10% framkvæmdasvæðisins gróðri. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á gróður og lífríki staðbundin og óveruleg til neikvæð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gengið hafi þó nokkuð á græn, óbyggð lítil svæði í Reykjavík að undanförunu. Skoða hefði mátt þegar röskuð svæði á endurhönnunarreitum betur, en þeir séu margir við Sæbrautina og í Ártúnsbrekku.

Umferð og samgöngur

Í greinargerð Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að vegna uppbyggingar húsnæðis fyrir viðbragðsaðila muni umferð í nánasti umhverfi Kleppsgarða að öllum líkindum aukast. Möguleg áhrif á umferð og samgöngur voru skoðuð í sérstöku samgöngumati af VSÓ Ráðgjöf þar sem tvær útfærslur fyrir sérrein viðbragðsaðila og forgang á umferðarljósum voru metnir af Eflu. Í framhaldi af þeirri greiningu var sett fram þriðja útfærslan sem sé nánar útlistuð í meðfylgjandi



matsskyldufyrirspurn. Framkvæmdin sé háð því að búið verði að tryggja hnökralaust ferli bíla á Sæbraut til þess að tryggja forgangsakstur. Samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar megi búast við að samtals fari 5.300 bílar um Kleppsgarða árið 2034. Þó beri að hafa í huga að jafna VSÓ geri ekki ráð fyrir neinum árangri hvað varði breyttar ferðavenjur og því sé ofangreind spá fyrir bílferðir líklega metin í hærri kantinum.

Af þeim fjórum kröfum sem gerðar voru í frumathugun milli mismunandi valkosta voru þrjár sem snéru að staðsetningu og ein að útafakstri og aðgengi við stofnbrautir. Líkt og áður segir komu Kleppsgarðar 2 best út úr greiningunni en til að neyðarakstri sé tryggður öruggt og greitt aðgengi frá lóð þurfi að huga að lausnum í gegnum helstu gatnamótin í nágrenni lóðar, neyðarakstur þurfi að vera með forgang á umferðarljósum og sérakrein neyðaraðila þurfi í gegnum gatnamótin við Vatnagarða og Sæbraut. Með forgagnsstýringu umferðarljósa væri hægt að stýra rýmingu umferðar á svæðinu ofan á Sæbrautarstokk milli gatnamótanna við Hafnartengingu og Holtaveg/Sundabrá. Aðgengi að lóðinni þurfi að vera sérstaklega greiðfært fyrir neyðarakstur inn á Sæbraut til norðurs, Sæbraut til suðurs og austurs á Sundabraut.

Í greiningunni er gert ráð fyrir 40 forgangsferðum á meðaldeggi og að löggæsluaðilar fái forgangsljós í allar áttir frá húsínu. Það geri um 1,6 ferðir að meðaltali á klst.

Samkvæmt umferðarspá fyrir 2034 muni umferð um Sæbrautina verða um 45.000-50.000 ferðir á dag og breyting vegna uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila muni bæta um 3.000-4.600 ferðum á dag umfram núllkost. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á umferð og samgöngur staðbundnar og óverulegar til neikvæðar.





Í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að ekki sé búið að lenda útfærslu gatnamóta Holtavegar og Sundabrautar en í greiningunni virðist vera gert ráð fyrir mislægum gatnamótum í báðum tilvikum. Útfærsla gatnakerfis og hönnun gatnamóta í grennd við svæðið þurfi að taka mið af niðurstöðum um umhverfismat Sundabrautar og viðeigandi aðalskipulagsbreytingar.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að mikil óvissa sé um margar af þeim forsendum sem framkvæmdaraðili gefi sér í lóðarvali fyrir viðbragðsaðila höfuðborgarsvæðisins. Sundabraut og gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar séu verkefni á frumdragastigi þar sem enn sé verið að skoða ýmsar útfærslur. Hvort mislægar lausnir verði ofan á eða hvort Sundabrá eða Sundagöng verði fyrir valinu liggi ekki fyrir. Einnig sé fyrirhuguð hafnartenging við lóð viðbragðsaðila háð útfærslu Sundabrautar og framtíðarþróun Sundahafnar. Kennisnið, plan- og hæðarlega hafnartenginga liggi ekki fyrir en tryggja þurfi pláss og samræmi á milli aðila.

Vegagerðin bendir einnig á að jafnvel þó að Sæbrautarstokkur verði tilbúinn og Sundabrá og mislægar tengingar hennar við Sæbraut verði ofan á, sé ekki tryggt að kröfur um hnökralaust flæði umferðar og skamman viðbragðstíma verði uppfylltar á öllum tímum sólahrings líkt og lagt er upp með í greinargerð. Vegagerðin tekur ekki undir með framkvæmdaraðila að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á umferð og samgöngur.

Í svari Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að áframhaldandi samráð verði haft við Vegagerðina varðandi útfærslu og tímalínur vegna uppbyggingar á lóð viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdaraðili geri sér grein fyrir þeirri stöðu sem fyrirhuguð gatnagerð og skipulagsvinna sé í m.a. vegna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Samkvæmt greinargerðinni séu áhrifin á umferð og samgöngur staðbundin og talin óveruleg til neikvæð. Matskyldufyrirspurnin sé byggð á spá sem sé í hærra lagi og gæti jafnvel verið ofmetin miðað fjölda á umferð ökutækja, auk þess sé ekki gert ráð fyrir áhrifum af breyttum ferðavenjum. Breytingin sé innan skekkjumarka framtíðarspáa þar sem umferð á svæðinu sé talin aukast mun meira af öðrum ástæðum. Telja megi að útfærsla Sundabrautar og gatnamóta muni t.d. hafa meiri áhrif á afkastagetu en fyrirhuguð uppbygging við Kleppsgarða.

Matskyldufyrirspurnin byggi á greiningu faghóps þar sem m.a. fulltrúar frá Dómsmálaráðuneytinu, Fjármálaráðuneytinu og Framkvæmdasýslu ríkisins ásamt ráðgjöfum, áttu sæti. Einn áhrifaþátta þeirrar greiningar var að útkalls- og vettvangshluti af húsnæðinu, þ.e. lögreglustöðin, yrði innan við 8 mínútur frá húsnæði viðbragðsaðila að Alpingsreit, miðbæ og Stjórnarráði.

Hljóðvist og loftgæði

Í greinargerð Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að búast megi við hávaða vegna framkvæmdanna á framkvæmdartíma. Unnið verði eftir samkomulagi sem gert hafi verið við Kleppsspítala um t.a.m. sprengingarátætlun og framkvæmdir við nýja Landspítala hafðar til hliðsjónar m.a. hvað snerti styttri vinnutíma og strangari kröfur um leyfilegt útslag titrings. Framkvæmdaraðila beri einnig að kynna háværar framkvæmdir fyrir íbúum á nærliggjandi svæðum með sannarlegum hætti áður framkvæmdir hefjist.

Fram kemur að núverandi umferð um Sæbraut sé mikil og talið sé að uppbyggingin við Kleppsgarða muni hafa hverfandi áhrif á umferðina. Á rekstartíma sé gert ráð fyrir um 40 forgangsferðum á meðaldeggi og muni uppbygging við Kleppsgarða hafa áhrif á nærliggjandi lóðir, vegna hávaða viðbragðsaðila. Uppbygging vegna Sæbrautar og Sundabrautar sem og almenn umferðarþróun á svæðinu sé hinsvegar talin hafa meiri áhrif á hljóðvist reitarins heldur en uppbyggingin á reitnum sjálfum. Kröfur reglugerðar um hávaða vegna hljóðvistar frá framkvæmdunum ætti að vera hægt að uppfylla með því að beina umferð ekki of nálægt Kleppsspítala. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist óveruleg, staðbundin, tímabundin og að nokkru eða öllu leyti afturkræf.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að fjalla þurfi um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði en gert sé ráð fyrir töluverðri umferðaraukningu á svæðinu. Að mati heilbrigðiseftirlitsins þurfi að grípa til ráðstafanna til að draga úr ónæði fyrir vistmenn Kleppsspítala vegna sírena frá viðbragðsbílum.

Í svari Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að áhrif uppbyggingar á húsnæði viðbragðsaðila við Kleppsgarða séu talin staðbundin og líkleg til að hafa óveruleg áhrif á loftgæði. Matskyldufyrirspurnin sé byggð á spá um aukningu í umferðamagni og sú breyting sem verði vegna byggingu húsnæðis viðbragðsaðila sé talin óveruleg til neikvæð miðað við hana. Auk þess sýni mælingar á loftgæðum á svæðinu almennt góð loftgæði. Hvað hljóðvist varði þá taki framkvæmdaraðili undir mikilvægi þess að takmarka ónæði fyrir vistmenn Kleppsspítala. Inn- og útgangsakstur útkallsbíla séu sunnan til á lóðinni og liggi ekki við Kleppsspítala. Útkallsbílar setji aldrei sírenur á fyrr en þeir þurfi og séu þá komnir út á veg. Allt sé þetta gert til að lágmarka hljóðmengun við spítalann.

Fornleifar og eldri byggingar

Í greinargerð Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að húsakönnun hafi verið unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2022. Á framkvæmdarsvæðinu sé að finna sjö fornleifar auk tveggja húsa.

Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar megi finna sex fornleifar; Túngarð Klepps sem áður var um 750 m en sé nú einungis um 150 m, rétt eða gerði, yngri túngarð, sem og fornleifar sem séu horfnar þ.e. hús, tóft og gamla Kleppsveg, sem og einar herminjar; skotgröf. Þetta séu einu minjarnar sem eftir standa af býlinu Kleppi. Minjarnar standi á fallegu, grónu holti en að öðru leyti séu þær í raun að hverfa í gróður og því ill sýnilegar. Í húsakönnun Borgarsögusafns segi að æskilegt sé að halda að minnsta kosti í hluta minjanna til að minnast þess búskapar sem áður hafi verið stundaður á þessu svæði og tilheyrði gamla býlinu Kleppi. Hugsanlega væri hægt að hafa einhver græn svæði innan hans og væri þá æskilegt að velja þau svæði með tilliti til fornleifanna. Samkvæmt umsögn Minjastofnunar Íslands við skipulagslýsingu svæðisins í nóvember 2022 segir að fornleifafræðingur þurfi að gera könnunarskurði í gegnum túngarða, hús, rétt og tóft til að kanna ummerki fornminja undir yfirborði. Komi í ljós minjar geti verið þörf á frekari rannsóknnum sem Minjastofnun Íslands taki ákvörðun um útfrá könnunarskurðum.

Hvað byggingar á framkvæmdasvæðinu varði (Kleppsgarðar 2 og 4) þá sé hvorugt húsanna á svæðinu friðlýst og ákvæði laga um menningarminjar um friðun eða umsagnarskyldu vegna aldurs eigi ekki við. Kleppsgarðar 2 – Víðihlíð sé að mati Borgarsögusafns hluti af varðveisluverðri heild húsa sem tilheyrir Kleppsspítala og því sé lagt til að það njóti verndar, verði varðveitt í sem upprunalegastri mynd og fái hlutverk innan deiliskipulagsins. Húsið hafi hátt varðveislugildi út frá menningarsögulegu gildi sem eitt af eldri uppistandandi húsum Kleppsspítala og varpi ljósi á byggingarsögu spítalans og þróunar hans sem sjúkrastofnun. Jafnframt sé húsið vitnisburður um þann búrekstur sem tengdist spítalastarfseminni og því hafi það nokkuð fágætisgildi sem eitt af fáu varðveittu útihúsum innan borgarmarkanna. Fram kemur í greinargerð að samkomulag hafi náðst milli ríkis og Reykjavíkurborgar um að fjósið verði fjarlæggt nema vinningstillagan í hönnunarsamkeppninni geri ráð fyrir að húsið tengist nýju mannvirki og sé metið út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort rífa eigi húsin á lóðinni. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á fornminjar neikvæð.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að leitast ætti við að sameina notagildi nýrrar byggingar og húsvernd þeirra sem fyrir eru, ekki síst með tilliti til loftlagsmála þar sem varðveisla eldri bygginga dragi úr úrgangsmýndun og kolefnislosun. Arkitektar geti haft sérþekkingu á endurnýtingu eldri húsa og hvernig hægt sé að nýta þau í tengslum við nýtt húsnæði. Einnig kemur fram í umsögn Minjastofnunar Íslands að Kleppsgarðar 2 – Víðihlíð sé umsagnarskylt sbr. lög um menningarminjar. Eignum húsa sem byggð voru fyrir 1940 eða fyrr og hyggjast breyta þeim, flytja



Þau eða rífa sé skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands sé ekki kunnugt um samkomulagið milli ríkis og Reykjavíkurborgar og telji að með þessu sé þátttakendum í fyrirhugaðri hugmyndasamkeppni beint frá því að kanna til hlítar möguleika og kosti þess að endurnýta núverandi hús, því auðvelt sé að fá leyfi til að fjarlægja það. Leyfið liggi jafnvel nú þegar fyrir.

Í svari Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að ráðist verði í þær fornleifarannsóknir sem Minjastofnun Íslands fór fram á í umsögn við deiliskipulagslýsingu svæðisins. Hönnun lóðarinnar fari í gegnum samkeppni sem ekki sé lokið, en í hönnunarkeppninni fyrir húsnæðið hafi því verið komið til skila hvaða verndargildi Kleppsgarðar 2 hafi. Því liggi ekki fyrir hvort hönnunin muni varðveita fyrirliggjandi hús á svæðinu. Umhverfismatið taki mið af því að húsið verði fjarlægt, notagildi húsnæðisins verði sett í forgang. Þegar hönnun liggi fyrir og upplýsingum um hvernig Kleppsgarðar 2 muni nýtast eða hvort það verði rífið muni Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir leita álits hjá Minjastofnun Íslands sbr. lög um menningarminjar. Sótt verði um viðeigandi leyfi til stofnunarinnar eftir því sem við á í ferlinu. Horft verði til viðeigandi mótvægisáðgerða lögðum fram af Minjastofnun Íslands, verði af fyrirhuguðu raski á fornleifum.

Landslag og ásynd

Í greinargerð Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna kemur fram að landslag og ásynd svæðisins muni breytast töluvert við framkvæmdirnar, húsnæði viðbragðsaðila muni taka nánast allt framkvæmdarsvæðið. Framkvæmdarsvæðið sé staðsett innan borgarmarka og nánast allt nærumhverfi manngert. Byggingar í nágrenninu séu margar í stærra lagi t.a.m. Holtagarðar sem séu við hlið lóðarinnar á Kleppsgörðum. Draga eigi úr ásyndaráhrifum með gróðri og náttúrulegri hönnun svæðisins. Framkvæmdir komi til með að falla að helstu einkennum landslags í nánasta umhverfi lóðar þar sem um þéttbýlt svæði sé um að ræða. Framkvæmdaraðili meti áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd óveruleg til neikvæð.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við landsskipulagsstefnu og svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Áformuð nýting lóðarinnar fellur að skipulagsákvæðum um nýtingu lóða í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Gildandi deiliskipulag Sundahafnar frá árinu 1975 gerir ekki ráð fyrir viðlíka uppbyggingaráformum og eru til umfjöllunar hér. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi í samræmi við breytt áform. Ráðgert er að svæðið innan deiliskipulagsmarka Kleppsgarða verði fellt út úr gildandi deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag gert á því svæði í stað þess.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum um mannvirki, ásamt framkvæmdarleyfi í samræmi við skipulagslög um reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Fyrirhuguð framkvæmd er einnig háð leyfi og umsögn Minjastofnunar Íslands. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verksins skal stöðva framkvæmdir án tafar og Minjastofnun Íslands gert viðvart sbr. lög um menningarminjar.

Ef rífa þarf byggingar á svæðinu er niðurrif skráningarskylt hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða uppbyggingu á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu innan lóðar Kleppsspítala. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar eða vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Eðli framkvæmdar

Fyrirhuguð uppbygging á húsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu verður allt að 36.000 m² innan 30.000 m² lóðar Kleppsgarða við Kleppsspítala. Húsnæðið verður nýtt af Ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæslunni, Tollgæslunni, Neyðarlínunni, yfirstjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, en í dag eru þessir aðilar á víð og dreif um höfuðborgarsvæðið. Markmiðið með uppbyggingunni er að efla almannaoöryggi, stytta viðbragðstíma og auka hagkvæmni. Umtalsverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í nærumhverfi Kleppsgarða á næstu árum og ber þar helst að nefna lagningu Sæbrautar í stökk (í umhverfismatsferli), lagningu Sundabrautar (í umhverfismatsferli) og þróun sundahafnar (umhverfismatsferli lauk í mars 2022), ásamt nýjum gatnamótum og hafnartengingu. Gera á sérstakar sérreinar fyrir neyðarakstur til að greiða fyrir umferð frá húsnæðinu ásamt forgangi á umferðarljósum.

Gera má ráð fyrir nokkru ónæði af framkvæmdinni á framkvæmdatíma, þá sérstaklega fyrir vistmenn og starfsfólk Kleppsspítala, leikskólann Lund sem og starfsmenn nærliggjandi fyrirtækja. Að mati Skipulagsstofnunar eru boðaðar mótvægisáðgerðir til þess fallnar að draga úr mögulegum hljóðvistaráhrifum bæði á framkvæmdartíma sem og á rekstrartíma.

Staðsetning framkvæmdar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í þéttbýli á reit sem skilgreindur er sem miðsvæði í aðalskipulagi. Norðan við fyrirhugað framkvæmdasvæði er svæði sem skilgreint er fyrir samfélagsþjónustu en þar er að finna Kleppsspítala. Að öðru leyti einkennist nánasta umhverfi framkvæmdasvæðisins af hafnar- og atvinnustarfsemi, s.s. vöruhúsum og verslunum. Suðurlandsbraut aðskilur framkvæmdasvæðið frá næstu íbúabyggð.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er nánast algróið grasi, lúpínu og trjám og þar má finna spörfugla, vaðfugla og máfa. Svæðið hefur ekki verndargildi út frá náttúruverndarsjónarmiðum og er takmarkað sökum smæðar og einangrunar, umlukið manngerðu borgarumhverfi. Gera má ráð fyrir að uppbyggingin skerði búsvæði fugla að einhverju leyti en áhrif á fugla vegna mannvirkjagerðarinnar eru ekki líkleg til að verða veruleg. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar hafa verið með útlit byggingar og grænna lausna að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að ganga á álagsþol náttúrunnar með tilliti til landslagsheilda.



Innan framkvæmdasvæðisins eru 6 minjar og fyrirhugaðar framkvæmdir munu koma til með að raska minjum. Minjastofnun Íslands hefur sett fram mótvægisáðgerðir sem taka þarf tillit til við framkvæmdir á svæðinu. Þá eru fyrir eru tvær byggingar á lóðinni sem mögulega verða fjarlægðar við uppbygginguna, hvorugar þeirra falla undir lög um menningarminjar eða eru friðlýstar. Önnur þeirra, Kleppsgarðar 2, hefur þó hátt varðveislugildi og því æskilegt að komast hjá niðurrifi hennar.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla mannvirkjagerð í þegar manngerðu borgarumhverfi. Að mati Skipulagsstofnunar munu helstu áhrif framkvæmdarinnar felast í þeirri umferð sem kemur til með að fylgja starfseminni. Annars vegar vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og hins vegar vegna forgangsaksturs. Áhrif aukinnar umferðar er háð nokkurri óvissu en ætla má að starfsemin komi til að hafa einhver áhrif á ferðatíma þeirra sem leið eiga um Sæbraut. Þrátt fyrir óvissu telur Skipulagsstofnun ekki ástæðu til að ætla að áhrifin verði umtalsverð. Ljóst er að þörf er á áframhaldandi samráði við Vegagerðina og Reykjavíkurborg vegna framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er háð því að búið verði að tryggja hnökralaust ferli bíla á Sæbraut og tryggja forgangsakstur. Ef slík markmið nást ekki megi ætla að framkvæmdin muni taka breytingum og framkvæmdaraðili þurfi að tilkynni hana aftur inn til Skipulagsstofnunar.

Að mati Skipulagsstofnunar eru boðaðar mótvægisáðgerðir til þess fallnar að draga úr mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Stofnunin telur afar mikilvægt að verktilhögun framkvæmdaraðila verði með þeim hætti sem boðað hefur verið, þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. febrúar 2024.

Reykjavík, 18. janúar 2024

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

